

Borgarráð

Tillaga um stýrihóp um endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi - erindisbréf

Í samræmi við samþykkt borgarráðs þann 19. júlí sl. eru hér lögð fram drög að erindisbréfi stýrihóps um endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Óskað er eftir að borgarráð skipi fulltrúa í stýrihópinn en formaður hópsins er borgarfulltrúi Flokks fólksins. Ekki er gert ráð fyrir að hópurinn fjalli um einstök starfsmannamál, eineltismál eða úrvinnslu þeirra.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi var samþykkt í borgarráði þann 22. desember 2016. Á fundi borgarráðs þann 19. júlí 2018 var samþykkt að skipa stýrihóp í þeim tilgangi að endurskoða stefnuna sem borgarfulltrúi Flokks fólksins fer fyrir og er jafnframt formaður hópsins.

Hlutverk stýrihóps:

Hlutverk stýrihópsins er að leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Markmið:

Að styrkja og styðja stofnanir og fyrirtæki borgarinnar í að vera sem mest sjálfbær í forvarnarmálum og úrvinnslu þeirra kvartana um einelti eða áreitni sem kunna að berast og í að tryggja öryggi starfsmanna.

Helstu verkefni:

- Að yfirfara núverandi stefnu Reykjavíkurborgar og leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu.
- Gera tillögu að úrbótum á verkferlum Reykjavíkurborgar í eineltis- og áreitnimálum og á starfi og hlutverki eineltis- og áreitniteyma (t.d. aukið gagnsæi, andmælarétt og jafnræði).
- Að ræða annað það sem hópurinn telur mikilvægt að skoða hvað varðar hlutverk og ferla eineltis- og áreitniteyma.

Stýrihópurinn skipa:

Kolbrún Baldursdóttir sem er formaður hópsins og fulltrúar af listum allra flokka sem eiga sæti í borgarstjórn. Ekki er gerð krafa um að einungis kjörnir fulltrúar eigi sæti í hópnum.

Með hópnum starfar ritari frá skrifstofu mannauðsdeildar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn skal jafnframt hafa aðgang að borgarritara, starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar, sérfræðingum í mannauðsdeild og vinnuréttarlögfræðingi og getur auk þess kallað til ráðgjafar aðra sérfræðinga eftir atvikum innan sem utan borgarkerfis. Hópurinn hefur samráð við ofbeldisvarnarnefnd, eineltis- og áreitni teymi, stéttarfélög og fleiri ef þurfa þykir.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok janúar 2019.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson